



1. Álagning gjalda 2019.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir að eftirfarandi forsendur verði lagðar til grundvallar álagningu útsvars, fasteignagjalda og lóðaleigu á árinu 2019.

- a. Álagt útsvar verði 14,52% vegna launa ársins 2019.
- b. Álagningarprósentur vegna fasteignaskatts breytast frá fyrra ári (2018) til lækkunar og verða eftirfarandi á árinu 2019:
 - i. 0,2865% af álagningastofni íbúðarhúsa ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (álagningarprósentan lækkuð um 7,581% samanborið við árið 2018 – var 0,3100%).
 - ii. 1,3200% af öllum fasteignum skv. b-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (álagningarprósentan er lögbundin og er óbreytt á milli árana 2018 og 2019).
 - iii. 1,5804% af öllum öðrum fasteignum skv. c-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (álagningarprósentan lækkuð um 2,444% samanborið við árið 2018 – var 1,6200%).
- c. Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnæðis verði óbreytt annað árið í röð og verði kr. 18.786 fyrir hverja íbúð miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp). Sorpeyðingargjald vegna íbúðarhúsnæðis verði óbreytt frá fyrra ári og verði kr. 16.021 miðað við tvær tunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp).

Gjöldin verði innheimt með fasteignagjöldum.
- d. Lóðarleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum verði 1,30% af fasteignamatsverði atvinnulóða og 0,40% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða og verði innheimt með fasteignagjöldum.

- e. Lóðarleiga af eldri lóðum (samningar dagsettir fyrir 1. janúar 2004) sem lögð er á hvern fermetra (m²) lóðar tekur viðmið af breytingum sem verða á byggingarvísitölu.
- f. Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2019 verði 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september og 15. október en eindagi gjaldanna verði 30 dögum síðar eða næsta virkan dag beri hann upp á helgidag.

Heildargjöld sem nema lægri fjárhæð en kr. 25.000 innheimtast með einum gjalddaga á ári, þann 15. apríl 2019.
- g. Veitt verði ívilnun á fasteignaskatti á árinu 2019, til elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við sérstakar reglur bæjarstjórnar um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

2. Þjónustugjaldskrár 2019.

Samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar Akraness hækka þjónustugjaldskrár Akraneskaupstaðar 1. janúar ár hvert í samræmi við áætlaða hækkun vísitölu neysluverðs samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunar sem var nú 2,9% og byggði á þjóðhagsspa Hagstofu Íslands frá 1. júní síðastliðnum. Heimilt er með sérstækri ákvörðun að víkja frá hinni almennu hækkun.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að almennar þjónustugjaldskrár hækki samkvæmt áætlaðri vísitöluhækkun neysluverðs, um 2,9%, þann 1. janúar 2019.

Með vísan til framangreinds samþykkir bæjarstjórn eftirfarandi gjaldskrár vegna ársins 2019:

1. Gjaldskrá leikskóla
2. Gjaldskrá vegna skólamáltíða
3. Gjaldskrá frístundar
4. Gjaldskrá dagstarfs
5. Gjaldskrá Tónlistarskóla Akraness (frávik í einstaka liðum)

6. Gjaldskrá íþróttamannvirkja (frávik í einstaka liðum)
7. Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu og heimsendingu matar
8. Gjaldskrá Bókasafns Akraness (frávik í einstaka liðum)
9. Gjaldskrá Héraðsskjalasafns Akraness (frávik í einstaka liðum)
10. Gjaldskrá Ljósmyndasafns Akraness (frávik í einstaka liðum)
11. Gjaldskrá Byggðasafnsins í Görðum (óbreytt frá fyrra ári)
12. Gjaldskrá um hundahald á Akranesi
13. Gjaldskrá um kattahald á Akranesi
14. Gjaldskrá Akranesvita
15. Gjaldskrá Tjaldsvæðisins á Akranesi
16. Gjaldskrá vegna sorphirðu og sorpeyðingar á Akranesi (óbreyttar fjárhæðir)

3. Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 1200 mkr. vegna ýmissa fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2019.

Til fjárfestinga fari um 1000 mkr. , en þar af eru rúmlega 100 mkr. sem færast frá árinu 2018 og yfir á árið 2019 einkum vegna fimleikahússins en verkefnið fór seinna af stað en áætlað var.

- a. Götur, gangstéttar, stofnstígar/reiðstígar, endurnýjun ljósastaura, græn verkefni, leikvellir og stofnanalóðir samtals að fjárhæð um kr. 240 mkr.
- b. Fasteignir, stærri verkefni, samtals að fjárhæð um 325 mkr. Þar af er tekið frá fjármagn að fjárhæð 50 mkr. vegna leikskólamála en starfshópur um framtíðarpörf á leikskólaplássum á Akranesi á að skila af sér tillögum í apríl 2019 og í framhaldinu munu viðkomandi fagráð og bæjarráð taka málið á ný til ákvörðunar.

- c. Fasteignafélag Akraneskaupstaðar, samtals að fjárhæð um 590 mkr. Stærstu einstöku verkefni eru fimleikahúsið að Vesturgötu, Frístundahúsið á Garðavelli, Reiðhöll hjá Hestamannafélaginu Dreyra og uppbygging á Jaðarsbökkum.
- d. Uppbygging nýrra svæða, samtals að fjárhæð um 30 mkr.
- e. Aðrar framkvæmdir og kaup á stofnbúnaði, samtals að fjárhæð um 25 mkr.

4. Viðhald fasteigna og lóða 2019.

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 100 mkr. til almenns viðhalds og húsumsjónar í Eignasjóði og um 9 mkr. í Fasteignafélagi Akraneskaupstaðar slf. á árinu 2019.

5. Útgjöld vegna starfsemi á skóla- og frístundasviði Akraneskaupstaðar

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 3,3 milljarðar króna vegna starfsemi á skóla- og frístundasviði á árinu 2019 sem er aukning um 6,20% frá áætlun yfirstandandi árs.

6. Útgjöld vegna starfsemi á velferðar- og mannréttindasviði Akraneskaupstaðar

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 1,1 milljarði króna vegna starfsemi á velferðar- og mannréttindasviði á árinu 2019 sem er aukning um 9,45% frá áætlun yfirstandandi árs.

7. Útgjöld vegna starfsemi á skipulags- og umhverfissviði Akraneskaupstaðar

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 578 mkr. vegna starfsemi á skipulags- og umhverfissviði á árinu 2019 sem er óbreytt frá fyrra ári.

8. Útgjöld vegna starfsemi sviði menningarmála hjá Akraneskaupstað

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 252 mkr. vegna menningarstarfsemi á árinu 2019 sem er aukning um 9,13% frá áætlun yfirstandandi árs.

9. Útgjöld vegna sameiginlegs kostnaðar hjá Akraneskaupstað

Bæjarstjórn Akraness samþykkir að ráðstafa um 962 mkr. vegna sameiginlegs kostnaðar á árinu 2019 sem er aukning um 23,58% frá áætlun yfirstandandi árs. Rétt er að taka fram að um 130 mkr. af fjárhæðinni er ráðstafað út á sviðin með viðaukum samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar og samanburðurinn á milli ára (aukningin) er því ekki marktækur.

10. Stjórnmalasamtök á Akranesi 2019.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir með vísan til 5. gr. laga nr. 162/2006 að ráðstafa 1,0 mkr. til starfsemi stjórnmalaflokka á Akranesi.

Akranesi 7. nóvember 2018



Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri